

Alþingi
Erindi nr. P 136/1396
komudagur 23.3.2009



Nefndasvið Alþingis
Sérnefnd um frumvarp til stjórnarskipunarlaganna
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2009

Umsögn BSRB um frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, þskj. 648 - 385. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Frumvarpið gerir ráð fyrir fjórum mikilvægum breytingum. Í fyrsta lagi að náttúruauðlindir landsins, sem ekki eru háðar einkaeignarrétti, séu þjóðareign og að þær megi ekki selja eða láta varanlega af hendi. Jafnframt skuli nýta allar náttúruauðlindir, óháð eignarrétti, á sem hagkvæmasta hátt og á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Í öðru lagi að kosið sé sjálfstætt um allar breytingar eða viðauka á stjórnarskrá þegar Alþingi hefur samþykkt þær. Í þriðja lagi að Alþingi sé skylt að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um ákveðin mál ef 15% kjósenda hafa krafist þess. Í fjórða lagi er svo ákvæði um stjórnlagabætur. Krafan um slíkt þing er hávær í samfélaginu enda mikið rætt um aðgreiningu framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins og hvernig tryggja megi virkt eftirlit og aðhald á milli þeirra þátta ríkisvaldsins.

BSRB styður öll ofangreind ákvæði frumvarpsins og telur mikilvægt að það verði samþykkt fyrir þinglok.

Fyrir hönd BSRB,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helga Jónsdóttir'.

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri